

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. febrúar 2013 í máli nr. S-49/2013:

Ákærvaldið

(Katrín Ólöf Einarsdóttir fulltrúi)

gegn

Ingibergi G. Sigurbjörnssyni

(Hólmgeir Elías Flosason hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 19. febrúar 2013, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 22. janúar 2013, á hendur Ingibergi G. Sigurbjörnssyni, kt. 000000-0000, Sævangi 6, Hafnarfirði, fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa, laugardaginn 27. október 2012 í bifreiðinni BH-578 á bifreiðastæði á bak við Borgarbókasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu 15 í Reykjavík, haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni samtals 104,85 g af marjúana, sem lögreglumenn fundu við leit í bifreiðinni og í fatnaði ákærða.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er krafist upptöku á 104,85 g af marjúana, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001. Þá er krafist upptöku á 7.000 krónum og tveimur farsímum, sem hald var lagt á, skv. 7. mgr. 5. gr. sömu laga, en samkvæmt ákæru eru fjármunirnir ágóði sölu fíkniefna og voru símarnir notaðir eða ætlaðir til sölu fíkniefna í málinu.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í febrúar 1987. Samkvæmt sakavottorði á hann allnokkurn sakaferil að baki, allt aftur til ársins 2005. Það ár var hann dæmdur fyrir ölvunarakstur og fíkniefnalagabrot og jafnframt sviptur ökurétti í 14 mánuði. Árið 2006 var hann tvívegis sektaður vegna sviptingaraksturs og fyrir fíkniefnalagabrot. Sama ár var hann dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga og vopnalögum. Árið 2007 gekkst ákærði undir viðurlagaákvörðun fyrir sviptingarakstur og fíkniefnalagabrot. Sama ár var hann dæmdur til sektargreiðslu fyrir fíkniefnalagabrot og hlaut jafnframt fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld, ölvunar- og sviptingarakstur. Árið 2008 var hann dæmdur til sektarrefsingar og sviptingar ökuréttar í 12 mánuði fyrir ölvunar- og sviptingarakstur. Árið 2009 var hann dæmdur í 45 daga fangelsi og sviptur ökurétti ævilangt fyrir ölvunar- og sviptingarakstur. Hann var 12. janúar 2010 dæmdur til 20 mánaða fangelsisrefsingar, þar af 17 mánuði skilorðsbundna í 3 ár, fyrir brot gegn 231. gr. 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga, fíkniefnalagabrot, hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis og fíkniefna og sviptur ökurétti ævilangt. Var ævilöng svipting ökuréttar jafnframt árétuð. Loks var ákærði 2. mars 2011 dæmdur til 20 mánaða fangelsisrefsingar, þar af 18 mánuði skilorðsbundna, fyrir sviptingarakstursbrot, en skilorðsbundinn hluti refsíðomsins frá 12. janúar 2010 var þá dæmdur upp þar sem um hegningarauka var að ræða. Með broti því sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu hefur hann rofið skilorð síðastgreinds refsíðoms. Ber að dæma þann dóm upp og ákveða refsingu í einu lagi, sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði.

Ákærði hefur mótmælt kröfu um upptöku á tveimur farsímum, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 27. október 2012, sem tekin var upp í hljóð og mynd, viðurkenndi ákærði að hafa notað farsímana við sölu fíkniefna. Verða símarir því dæmdir upptækir, ásamt 104,85 g af marjúana og 7.000 krónum, sem jafnframt var lagt hald á, samkvæmt lagaákvæðum sem í ákæru greinir.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Hómgeirs Elíasar Flosasonar hdl., 87.850 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ingibergur G. Sigurbjörnsson, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Upptæk eru dæmd 104,85 g af marjúana, tveir farsímar og 7.000 krónur.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Hólmgæirs Elíasar Flosasonar hdl., 87.850 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir